



ÁRSKÓGARSKÓLI
LEIK- OG GRUNNSKÓLI
DALVÍKURBYGGÐ



Sjálfsmatsskýrsla



Árskógarskóli leik- og grunnskóli
5. starfsár 2016-2017
júní 2017

VIRÐING
JÁKVÆÐNI
METNAÐUR

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Samantekt	6
júní-ágúst	6
Skólanámskrá/starfsáætlun	6
Öryggisþættir	6
september	6
Öryggisþættir	6
Samræmd könnunarpróf	6
Stafa-, hljóða- og talnakönnun	7
Lesferill	7
Hljóm 2	8
Orðaskil	8
TRAS	9
október	10
Samráðsdagur á grunnskólastigi	10
Stærðfræðiskimun	10
Lesferill-lesskimunarpróf	11
Orðarún	11
Foreldraviðtöl leikskólastigs	12
TRAS	12
nóvember	12
Matsmöppur	12
Vitnisburður haustannar	12
Tengslakönnun	12
TRAS	13
desember	13

Sjálfsmatsskýrsla Árskógarskóla 5. starfsár 2016-2017

Heilbrigðiseftirlit	13
Þroskalisti leikskólastigs	13
TRAS.....	13
janúar.....	14
Lesferill	14
Tengslakönnun	14
Öryggisþættir.....	14
Starfsdagur Dalvíkurbyggðar	15
febrúar	15
Starfsþróunarsamtöl	15
Stöðumat/skimun í stærðfræði	15
Hljóm 2.....	15
TRAS.....	16
Matsmöppur, samráðsdagur grunnskólastigs	16
mars	16
TRAS.....	16
Foreldrakönnun fræðsluviðs	16
apríl.....	17
Skólaþing um sköpun	17
Þroskalistar leikskólastigs	18
TRAS.....	18
Stafa- og hljóðakönnun	18
Foreldraviðtöl leikskólastigs	18
Starfsmannakönnun fræðsluviðs.....	18
maí.....	20
TRAS.....	20
Skil skólastiga	20

Sjálfsmatskýrsla Árskógarskóla 5. starfsár 2016-2017

Lesferill	20
Orðarún.....	20
Matsdagar grunnskólastigs, matsmöppur og vitnisburður	20
Lokaorð	22

Inngangur

Þá er 5. starfsár Árskógarskóla, leik- og grunnskóla senn á enda. Fyrir hvert starfsár er matsáætlun endurgerð og matsþættir bætast við eða breytast í takt við þróun skólans. Vel hefur gengið að vinna eftir matsáætlun þeirri sem hér er gerð grein fyrir og hún veitir góðar upplýsingar um starfshætti skólans. Áætlunin er í sífelldri þróun og markmiðið alltaf að gera betur með því að skoða alla þætti skólastarfsins, meta þá og bæta það sem betur má fara en byggja á því sem vel er gert.

Samkvæmt *Lögum um leikskóla 90/2008 og grunnskóla 91/2008* er gert ráð fyrir bæði **innra og ytra mati** og eftirliti á gæðum starfs hvers skóla. Með innra mati er átt við sjálfsmat skólans. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi skóla sem unnin er af utanaðkomandi aðilum s.s sveitarfélögum og/eða menntamálaráðuneyti.

Innra mat á árangri og gæðum

Innra mat á að veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að auknum gæðum, umbótum og þróunar á starfi hans. Innra mat er samofið daglegu starfi skóla og er m.a. til þess að efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og til að auka vitund starfsfólks um ábyrgð. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu. Kennarar, foreldrar og börn eru mikilvægustu þátttakendurnir. Kennarar skipuleggja og framkvæma innra mat en skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd þess og fylgir eftir umbótum (*Aðalnámskrá, almennur hluti, 2011*).

Stjórnendur og starfsfólk funda eins og þörf krefur til að meta niðurstöður innra mats og vinna í framhaldinu að tillögum til úrbóta fyrir einstaklinga og hópa eða benda öðrum á hvað má læra af góðum árangri skólans. Niðurstöður innra mats eru nýttar til jákvæðrar þróunar skólans og koma leiðir til úrbóta fram í úrbótaáætlunum eftir þörf eftir samráð starfsfólks og skóla- og foreldraráðs.

Skýrslan er unnin af stjórnendum í maí 2017.

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson, skólastjóri

Hjördís Jóna Bóasdóttir, deildarstjóri

Samantekt

Í þessari sjálfsmatsskýrslu Árskógarskóla vegna 5. starfsárs er samantekt á helstu niðurstöðum og því mati sem var framkvæmt. Við lok 5. starfsárs voru 11 starfsmenn við störf í 7,5 stöðugildum, 15 börn á leikskólastigi og 17 börn á grunnskólastigi í 1.-4. bekk (enginn nemandi í 5.-7. bekk). Skólinn er sífellt að þróast og mótast skref fyrir skref og áætlun um innra mat og sjálfsmatsskýrsla þessi er lykilþáttur í því mati sem segir til um næstu skref skólans. Áætlunin er í sífelldri þróun og ýmsir matsþættir ráðast hvern vetur af samsetningu nemendahóps. Sem dæmi þá var Skólalámsinn ekki nýttur í vetur sem matstæki þar sem engir nemendur voru á þeim aldri sem tækið er sniðið fyrir s.s. í 6. og 7. bekk.

júní-ágúst

Skólanámskrá/starfsáætlun

Stjórnendur uppfærðu skólanámskrá/starfsáætlun/árganganámskrá og hún birt á heimasíðu skólans. Allar nauðsynlegar upplýsingar uppfærðar sem og starfsár nr. 5 gert virkt. Þegar skólanámskrá er uppfærð í lok skólaárs er alltaf möguleiki að einhverjar breytingar geti átt sér stað áður en næsta skólaár hefst s.s. breytingar á starfsmannahaldi en þá er því breytt og birt enda sé ekki um stórvægilegar breytingar á skólalámi að ræða sem þyrfti að ræða í skólaráði og fræðsluráði.

Öryggisþættir

Í upphafi skólaársins voru mætingalistar, slysaskýrslur, skoðunarlistar fyrir skólalóð og leiktæki yfirfarnir ásamt því að tryggja það að slökkvitæki, viðvörunarkerfi og ýmsar viðbragðsáætlanir hafi verið í lagi til þess að tryggja öryggi barna og starfsfólks.

september

Öryggisþættir

Rýmingaræfing með slökkviliði haldin í byrjun september þar sem rýming skóla og félagsheimilis var æfð. Í gildi er virk rýmingaráætlun fyrir bæði hús og þess gætt að neyðarútgangar séu ávallt greiðfærir.

Samræmd könnunarpróf

Samræmd próf í 4. bekk fóru fram en enginn nemandi var í 7. bekk. Framkvæmdin gekk vel og niðurstöðurnar voru nýttar til þess að meta hvern og einn og staðsetja enn frekar í námi. Sex nemendur þreyttu prófin. Sérkennari greindi niðurstöðurnar og kom með tillögur að leiðum til

að mæta þörfum hvers og eins. Umsjónarkennari vann úr niðurstöðunum og sérstaklega með þá þætti sem þurfti að vinna sérstaklega með.

4. bekkur

	íslenska	íslenska	íslenska
Nemandi	Samræmd-Heild	Raðeinkunn-Heild	Grunnskólaeinkunn-Heild
Meðaltal	5,7	56,2	32,3

	stærðfræði	stærðfræði	stærðfræði
Nemandi	Samræmd-Heild	Raðeinkunn-Heild	Grunnskólaeinkunn-Heild
Meðaltal	6,1	54,5	31,2

Samræmd einkunn er hefðbundin einkunn á bilinu 1 til 10.

Raðeinkunn er einkunn á bilinu 1 til 99 og sýnir stöðu nemandans miðað við árganginn í heild. Nemandi sem fær raðeinkunnina 60 stendur sig jafnvel eða betur en 60% nemenda á landinu öllu.

Grunnskólaeinkunn er normaldreifð einkunn frá 0 – 60 með landsmeðaltalið 30.

Út frá grunnskólaeinkunn má þannig sjá hvort einkunn nemanda er undir eða yfir landsmeðaltali.

Námsárangur nemenda ræðst af mörgum ólíkum þáttum bæði innan veggja skólans og utan hans. Samræmd próf eru almennt talin áreiðanleg tæki til að mæla námsárangur nemenda auk þess sem þau eru samanburðarhæf milli skóla. Upplýsingar sem lesa má úr niðurstöðum samræmdra prófa 4. bekkjar Árskógarskóla benda til þess samkvæmt meðaltali að nemendur eru almennt á réttri leið, hins vegar er breitt bil milli einkunna og eins og kemur áður fram þá er unnið einstaklingslega með hvern og einn út frá niðurstöðunum. Þess má geta að prófin voru í fyrsta skipti rafræn og nýttum við spjaldtölvur við fyrirlögn sem gekk vel.

Stafa-, hljóða- og talnakönnun

Allir nemendur í 1. bekk fóru í stafa/hljóða/talnakönnun til undirbúnings fyrir fyrstu skrefin á grunnskólastigi. Niðurstöður voru nýttar til að staðsetja hvern og einn.

Lesferill

Í fyrsta skipti var notast við nýtt matstæki frá læsisteymi Menntamálastofnunar sem heitir [Lesferill](#). Lesferli er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi, lesskilning, ritun, orðaforða og

málskilning. Prófin taka mið af aðalnámskrá grunnskóla og fylgja þeim áherslum sem þar eru lagðar. Þau eru aðgengileg til afnota fyrir alla grunnskóla þeim að kostnaðarlausu. Prófin er hægt að nota í heild sinni eða eingöngu hluta þeirra og þá hugsanlega að nota þau ásamt öðrum prófum sem kennarar kjósa að leggja fyrir.

Matsþátturinn *nefnuhraði* (er tíminn sem það tekur einstakling að nefna röð mynda, stafa, talna eða annarra tákna eins hratt og hann getur) var lagður fyrir 1. bekk. Í 2. 3. og 4. bekk var lagt fyrir *lesfimi* (orð á mínútu, góð **lesfimi** er samsett færni sem felst í því að lesa hratt, af nákvæmni og með eðlilegum áherslum og hrynjandi) *sjónrænn orðaforði* (barn með mikinn sjónrænan orðaforða hefur lært að lesa myndir sem heild og þarf ekki að lesa myndina staf fyrir staf og efla þannig sjónminni og lesfimi almennt) og *orðleysur* (stundum kölluð bullorð) eru hljóðakeðjur sem búnar eru til úr bókstöfum þar sem hver bókstafur stendur fyrir ákveðið málhljóð. Lestur orðleysa er talin vera ein besta aðferðin til að meta hvernig nemandi ræður við að nota hljóðaaðferðina við umskráningu sem gerir lesanda mögulegt að umskrá ný og áður óþekkt orð (Menntamálastofnun, 2016).

Hljóm 2

Hljóm 2 er próf til að kanna hljóðkerfisvitund elstu barna leikskólastigs sem er framkvæmt í september. Athuginin byggir á hugmyndum um tengsl málþroska við síðari lestrarfærni og þátt þjálfunar hljóðkerfisvitundar í fyrirbyggjandi starfi. Markmið þessarar athugunar er að vera með snemmtæka íhlutun hjá þeim börnum sem eru stutt á veg komin hvað þessa þætti varðar. Þá er litið á það sem hlutverk skólans í vinnu með eldri börnum á leikskólaaldri að þjálfa markvisst hljóð- og málvitund.

Orðaskil

Orðaskil-málþroskapróf (Höfundur: Elín Þöll Þórðardóttir). Þetta málþroskapróf byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og hálfis til þriggja ára. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barnanna svo og hvort þau hafa náð valdi á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu, en með samanburði við þau er skorið úr um hvort málþroski barna mælist innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra.

Orðaskil var lagt fyrir börn fædd 2014 á leikskólastigi og niðurstöður nýttar í samtölum við foreldra um stöðu málþroska hvers barns. Einnig var farið í sérstaka vinnu með þá orðflokka sem komu verst út, í litlum hópum eða einstaklingslega, allt eftir þörfum hvers og eins. Fyrir þau börn sem þurfti hvað mest utanumhald var gerð einstaklingsáætlun sem foreldrar og

kennarar vinna eftir. Það hefur ómetanlegt forvarnargildi að leggja fyrir stöðluð próf, greina málþroskafrávik og byrja strax með kennslu eftir eðli frávíka.

TRAS

TRAS (n: Tidlig registrering af språkuþvikling), er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Listinn er upprunalega kominn frá sérfræðingum við norskan háskóla og sérkennslustofnanir og er notkun hans nú orðin útbreidd á Norðurlöndum. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga.

TRAS skráningarlistinn er ekki málþroskapróf heldur athugun í skráningarformi á málhegðun og málþróun hjá börnum á ákveðnum aldri. Spurningarnar á TRAS skráningarlistanum eru byggðar á niðurstöðum þekktra atferlis- og málþroskakvarða og kenningum Chomsky's um algildi tungumála.

Skráningin hefst þegar barn er rúmlega tveggja ára og lýkur við fimm ára aldur. Tvisvar á ári, með sex mánaða millibili skráir leikskólakennari á skráningarblöðin svör við ákveðnum spurningum um málþroska barnanna. Hvert barn á sitt skráningarblað sem fylgir því upp í gegnum leikskólann. Ekki er um eiginlega fyrirloðun að ræða heldur leitar sá leikskólakennari sem best þekkir barnið svara við spurningunum á skráningarlistanum með því að fylgjast með barninu í leik og starfi.

Spurningarnar á TRAS skráningarlistanum flokkast undir þrjú færnisvið sem hvert um sig á ákveðinn lit á skráningarblaðinu.

1. Samleikur, tjáskipti/ samskipti og athygli/einbeiting.
2. Málskilningur og málmeðvitund.
3. Framburður, orðaforði og setningamyndun.

Markmið með TRAS skráningarlistanum er:

- að unnt sé að grípa inn í með skjóta og markvissa aðstoð ef grunur vaknar um frávik.
- að foreldrar og aðrir fullorðnir í umhverfi barns fái ráðgjöf og leiðbeiningar. Það getur dregið úr áhyggjum og gefið innsýn í hvernig best sé að hjálpa barninu
- að reynt sé að fyrirbyggja að önnur vandamál komi upp sem tengjast því að barn hafi ekki fengið aðstoð vegna málþroskafrávíka.



TRAS var lagt fyrir öll börn á leikskólastigi sem féllu innan aldursviðmiða í mánuðinum. Foreldrar fengu að sjá listann í foreldraviðtölum og rædd sérstaklega þau atriði og þeir þættir sem þyrfti að huga að og hvernig væri best að vinna með þá.

október

Samráðsdagur á grunnskólastigi

Foreldrar ásamt barni mættu á samráðsfund 5. október þar sem umsjónarkennari fór yfir fyrsta mánuð nýs skólaárs. Fyrir fundinn fengu nemendur heim með sér sjálfsmat þar sem þeir mátu hvernig þeim hafi gengið fyrstu vikunnar s.s. framkoma, líðan, í hverju gengur vel og hvar síður, hvað er hægt að gera betur, styrkleikar og fleira. Viðtölin gengu mjög vel með þessu móti og mikilvægt fyrir nemendur að skoða sjálfa sig og ræða um næstu skref.

Hluti sjálfsmats 1. og 2. bekkjar:

Skrifaðu X í viðeigandi reit		
Mér finnst gaman í skólanum		
Ég vinn vel í tímum		
Ég tek þátt í verkefnum		
Ég tala mikið í tíma án leyfis		
Ég geng vel um		
Ég er kurteis		
Ég vinn vel ein(n)		
Ég vinn vel með öðrum		
Ég tek tillit til annarra		

Stærðfræðiskimun

Lögð var fyrir nemendur í 1. bekk stærðfræðiskimun þar sem kannaður var frumskilningur á reikniaðgerðum og þekking á tölum.

Lesferill-lesskimunarpróf

Hluti af Lesferli Menntamálastofnunar er svokallað lesskimunarpróf en það er eingöngu lagt fyrir nemendur í 1. bekk í október (prófið hét áður Leið til læsis – lesskimun fyrir 1. bekk.). Í þessari skimun er könnuð staða nemenda hvað varðar:

- Málskilningur og orðaforði
- Bókstafa og hljóðabekking
- Hljóðkerfis- og hljóðavitund

Niðurstöður almennt gefa kennurum vísbendingar um styrkleika og veikleika í nemendahópnum, en um leið veitir prófið upplýsingar um nemendur sem gætu verið í áhættuhópi vegna hugsanlegra erfiðleika við lestrarnám, annars vegar vegna vanda við umskráningu og hins vegar vegna vanda með lesskilning. Niðurstöður skimunarprófsins eru tengdar kennsluleiðbeiningum sem gera kennurum kleift að bregðast við með ólíkum hætti eftir því hvernig styrk- og veikleikar nemenda birtast í hverjum þessara færniþátta. Upplýsingar um hvern nemanda eru trúnaðarmál en á heildina litið er ljóst að halda þarf stöðugt áfram að efla þarf lestrarfærni og lesskilning almennt. Mikilvægt að styrkja enn frekar lestrarkennslu í yngri bekkjum og þar er sóknarfæri til að styrkja enn betur færni nemenda í lestri og lesskilningi enda sá grunnur sem annað nám er byggt á.

Orðarún

Orðarún eru stöðluð lesskilningspróf og lagt fyrir nemendur í 3. og 4. bekk í Árskógarskóla. Prófin reyna á nemendur:

- að greina staðreyndir sem koma fram í texta, orðréttar eða umorðaðar
- að draga ályktanir af því sem ekki er sagt berum orðum í texta
- að átta sig á meginefni texta
- að útskýra orð og orðasambönd

Foreldraviðtöl leikskólastigs

Öllum foreldrum var boðið í viðtal í október. Í þessu viðtali var farið yfir áhersluatriði kennarans fyrir barnið og foreldrar komu með óskir og væntingar. Allir foreldrar voru jákvæðir og kennarar settu niður vinnuþlan fyrir börnin eftir þetta viðtal.

TRAS

TRAS (sjá skilgreiningu í september) lagt fyrir öll börn á leikskólastigi sem féllu innan aldursviðmiða í mánuðinum.

nóvember

Matsmöppur

Mappan er gjarnan nýtt sem samræðugrundvöllur og gagn til markmiðssetningar í viðtölum kennara við foreldra og nemendur annars vegar en í viðtölum kennara við nemendur eina hins vegar. Mappan á að vera stuðningur fyrir nám nemandans. Í hana fara verkefni sem nemandinn hefur sjálfur átt þátt í að velja, jafnvel valið alveg sjálfur og rökstutt það val. Kennari velur einnig verkefni í möppuna og rökstyður sitt val þannig að það hafi hvetjandi og uppbyggjandi áhrif á nám nemandans.

Matsmappa nemenda í 1.-4. bekk fór heim í fyrsta skipti þennan veturinn um miðjan nóvember í lok haustannar. Nemendur og kennarar völdu verkefni í möppuna sem fóru heim til að sýna foreldrum og þeir áttu að kvitta fyrir. Markmiðið er einnig að tengja saman heimili og skóla og að nemendur segi foreldrum frá því sem þeir eru að gera í skólanum. Almennt gekk vel að nýta möppuna með þessi markmið í huga og ljóst að skólinn heldur áfram að þróa þessa leið. Sóknarfæri í möppunum eru helst að styrkja foreldra til þess að sjá möppurnar sem leið til að fylgjast með og styrkja nám barna sinna og gefa umsögn um það sem vel er gert.

Vitnisburður haustannar

Veturinn 2016-2017 var áfram þriggja anna kerfi á grunnskólastigi. Haustönn, vetrarönn og vorönn. Við lok hveurrar annar gáfu kennarar vitnisburð/námsmat í Námfúsi sem nemendur og foreldrar fengu. Við lok haustannar fengu nemendur umsögn eftir önnina sem og verkefnum safnað og þau send heim til skoðunar í matsmöppu.

Tengslakönnun

Skólástjóri í samráði við námsráðgjafa lagði fyrir tengslakönnun í 1.-4. bekk. Markmiðið var að kanna félagslega stöðu og líðan nemenda sem hluti af hóp innan sem utan skólatíma.

Spurt var:

- Hvaða krökkum í 1.-4.bekk viltu helst sitja hjá í kennslustundum?
- Hvaða krökkum í 1.-4.bekk viltu helst vera með í frímínútum (matarhléi)?
- Hvaða krökkum í 1.-4.bekk viltu helst vinna með í hópvinnu?
- Hvaða krökkum í 1.-4.bekk viltu helst leika við eftir skóla?

Niðurstöður nýttar til þess að sjá hvort einhver er aldrei nefndur, hver gæti mögulega verið ástæðan og hvað annað sem hjálpar til við aðlögun hvers og eins í nemendahópnum.

TRAS

TRAS (sjá skilgreiningu í september) lagt fyrir öll börn á leikskólastigi sem féllu innan aldursviðmiða í mánuðinum.

desember

Heilbrigðiseftirlit

Í byrjun desember kom Þórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og tók út húsnæði skólans og leiksvæði. Helsta niðurstaða er sú að húsnæðið sé snyrtilegt og vel umgengið og engar athugasemdir gerðar við það. Smávægilegar athugasemdir voru gerðar við leiksvæðin s.s. að yfirfara keðjur og hlekki og skýrsla um allar athugasemdir send á umhverfisstjóra sem hefur þegar gert það sem gera þurfti. Innra eftirlit með leiksvæðum er gott að mati fulltrúans en bent var á að aðalskoðun leiksvæða þarf að framkvæma ár hvert og hefur umhverfis- og tæknisvið fyrir skólans hönd frest til sumars til að framkvæma það.

Þroskalisti leikskólastigs

Þroskalisti leikskólastigs var fylltur út en markmiðið með honum er að skoða þroskastöðu og hæfni og staðsetja börn samkvæmt viðmiðun. Fyrir þau börn sem voru ekki aldursamsvarandi (víkja frá meðal viðmiðunarferni) í einhverjum þáttum var gerð áætlun um íhlutun og komið til móts við þau í hópastarfi.

TRAS

TRAS (sjá skilgreiningu í september) lagt fyrir öll börn á leikskólastigi sem féllu innan aldursviðmiða í mánuðinum.

janúar

Lesferill

Sjá skilgreiningu á *Lesferli* og hugtökum í yfirliti september.









Í 1.-4. bekk var á ný lagt fyrir *lesfimi* og *sjónrænn orðaforði* samkvæmt áætlun þar um. Niðurstöður settar inn í [Skólagátt](#) og unnið úr þeim ásamt sérkennara fyrir hvern og einn nemanda.

Sérkennari (kennsluráðgjafi) lagði fyrir einstaka nemendur í 1. bekk *Hljóðfærniþróf* til að kanna betur færni í að tileinka sér hljóðkerfis- og hljóðavitund. Einnig lagði sami aðili fyrir dyslexíu matstækið *LOGOS* fyrir einstaka nemendur til að kanna nánar mögulega lestrarerfiðleika.

Tengslakönnun

Skólustjóri lagði fyrir tengslakönnun um líðan nemenda í 1.-4. bekk þar sem var spurt hjá hverjum nemandi vill helst sitja í kennslustundum og með hverjum hann vilji helst leika með í frímínútum auk þess sjálfsmat um líðan sem sjá má á mynd:

Svona líður mér:

	Þegar ég legg af stað í skólann			
	Í kennslustund			
	Í frímínútum			
	Í íþróttum			

Niðurstöður ræddar á kennarafundi og með skólaliðum og nýttar til vinnu með nemendum m.a. í lífsleikni á bekkjarfundum.

Öryggisþættir

Í upphafi ársins voru mætingalistar, slysaskýrslur, skoðunarlistar fyrir skólalóð og leiktæki yfirfarnir ásamt því að tryggja það að slökkvitæki, viðvörunarkerfi og ýmsar viðbragðsáætlanir

hafi verið í lagi til þess að tryggja öryggi barna og starfsfólks. Rýmingaráætlun var haldin öðru sinni þennan veturinn en nú með því móti að nemendur og starfsfólk gengu um skólann, fóru yfir neyðarútganga, slökkvitæki og brunaboða og hvað annað sem kemur að rýmingu húsnæðis.

Starfsdagur Dalvíkurbyggðar

Í lok janúar var haldinn starfsdagur Dalvíkurbyggðar þar sem yfirskrift dagsins var *vinnuvernd, núvitund og öryggi*. Eyþór Víðisson, öryggisfræðingur, frá Lotu fjallaði um öryggismál og vitund, varnir og viðbrögð við ógnandi og erfiðri hegðun. Ingrid Kuhlman frá Þekkingarmiðlun fjallaði meðal annars um núvitund, streitu og álag og fór yfir mismunandi einkenni streitu, ástæðu streitu og leiðir til að takast á við hana í vinnu og frítíma.

febrúar

Starfsþróunarsamtöl

Viðtölin fóru þannig fram að starfsmaður fékk viðtalsramma nokkru fyrir viðtal og undirbjó sig og rýndi í sjálfan sig og sitt starf. Markmið samtalsins er að stjórnandi og starfsmaður setjist niður í góðu tómi og ræði um þau atriði sem mikilvæg eru fyrir frammistöðu þeirra beggja og vinnustaðarins. Skólastjóri hitti svo starfsfólk og fór yfir punktana og kom með sína á móti. Almennt taldi starfsfólk sér líða vel í vinnunni og það sæi fram á að vinna á staðnum áfram. Margar góðar og gagnlegar ábendingar komu fram um starfið og síðustu skref skólans og áframhaldandi vinnu, hvað væri gott og hvað mætti laga strax og enn fremur hvað þyrfti til til framtíðar til að móta áfram góðan skóla. Hver og einn starfsmaður fór yfir kosti sína og galla, styrkleika, veikleika og möguleika til að þróast áfram í starfi og hvaða endurmenntun þyrfti helst til. Ljóst að slíkt samtal er mikilvægt og gagnlegt til að skoða starf hvers og eins og varpa ljósi á hvar skólinn stendur og hvert hann stefnir.

Stöðumat/skimun í stærðfræði

Umsjónarkennari lagði fyrir skimunarpróf fyrir nemendur 1. og 2. bekkjar í talna- og aðgerðarskilningi. Niðurstöður nýttar til að staðsetja nemendur í stærðfræðinámi og skipuleggja stærðfræðikennslu.

Hljóm 2

Enginn nemandi þyrfti að endurtaka prófið þar sem nemendur komu vel út að hausti.

TRAS

TRAS (sjá skilgreiningu í september) lagt fyrir öll börn á leikskólastigi sem féllu innan aldursviðmiða í mánuðinum.

Matsmöppur, samráðsdagur grunnskólastigs

Í byrjun febrúar lauk vetrarönn og umsagnir gerðar í hverri námsgrein í Námfúsi og birt foreldrum. Matsmöppur fóru heim öðru sinni. Nemendur söfnuðu verkefnum í möppuna undir handleiðslu kennara, fóru heim með möppuna þar sem foreldrar skoðuðu með sínu barni og gáfu umsögn.

Þann 15. febrúar voru foreldra/nemendaviðtöl þar sem var farið yfir möppuna og mat það sem sent var heim við lok vetrarannar. Viðtölin gengu vel og voru upplýsandi og gagnleg. Það er alltaf markmið okkar að slík viðtöl séu skilvirk og uppbyggjandi fyrir barnið og þannig sett upp að um samtal sé að ræða. Þess vegna höfum við lagt áherslu á að matsmöppur komi aftur í skólann í viðtölum og þær m.a. nýttar sem viðtalsrammi.

mars

TRAS

TRAS (sjá skilgreiningu í september) lagt fyrir öll börn á leikskólastigi sem féllu innan aldursviðmiða í mánuðinum.

Foreldrakönnun fræðsluviðs

Foreldrakönnun fræðsluviðs var framkvæmd og niðurstöður fyrir Árskógarskóla voru afar jákvæðar. 32 svör fengust og 32 börn eru í skólanum og því óhætt að segja að svörun sé nær 100% . Niðurstöðurnar í heild er að finna á [heimasíðu skólans](#).

Sem dæmi um góða niðurstöðu er að þegar spurt er:

- Q1 *hvort barninu líði vel í skólanum?* Þá svara **32 jákvætt** (sammála eða frekar sammála) enginn frekar ósammála eða ósammála.
- Q2 þá er spurt *hvort foreldrar séu ánægðir með skólann?* **31 svara jákvætt** (eru sammála eða frekar sammála) en 1 sleppir að svara.
- Q3 þá er spurt *hvort foreldrar upplifi sig velkomna í skólann?* Allir svara jákvætt og **30 eru sammála og 2 frekar sammála.**

- Q8 þar er spurt *hvort skólinn veiti nægar upplýsingar um náms- eða þroskastöðu barnsins?* Þar svara **31 jákvætt eða sammála og frekar sammála** en **1 er frekar ósammála**.
- Q11 þar er spurt um *ánægju með kennarana?* **30 eru sammála og 2 frekar sammála**.
- Q13 þar er spurt um *útiveru og útikennslu?* **29 svara að útivera og útikennsla sé hæfileg** en **3 segja of lítil**, engum finnst hún of mikil.
- Q23 þar er spurt *hvort fólk sé ánægt með hvernig sé tekið á móti barni að morgni í leikskólanum?* **15 segjast vera sammála eða frekar sammála**, 17 sleppa að svara enda eru 15 börn á leikskólastigi og því full svörun.
- Q6 og Q24 í þessum spurningum er spurt *hvernig fólki finnst að leita til deildarstjóra og skólustjóra?* Allir sem svara **eru sammála eða frekar sammála**, einhverjir hafa ekki þurft að leita til stjórnenda

Flestar hinna spurninganna eru á þennan veg, þ.e. þegar spurt er um samskipti nemenda, stjórnendur og annað starfsfólk, um nám og kennslu, um upplýsingar og fleira sem könnunin nær til. Í öllum tilfellum ríkir mikil jákvæðni og ánægja með skólann, starfsfólkið og starfið almennt og því ber að fagna nú við lok 5. starfsárs og full ástæða til að byggja á þessum niðurstöðum og halda áfram þessu góða starfi.

Það er alltaf markmið að ná til þessa eina eða tveggja sem eru stundum frekar ósammála eða ósammála og ná öllum sammála, en jákvæð svörun allra foreldra er frábær árangur fyrir starfssemi og starfsfólk skólans.

Ekki er talin þörf á sérstakri umbótaáætlun þar sem niðurstöður er mjög góðar og jákvæðar eins og dæmin sýna.

apríl

Skólaláping um sköpun

Vikuna 24.-28. apríl 2017 var unnið sérstaklega með grunnþátt menntunar, *sköpun*, og haldið skólaláping 28. apríl þar sem nemendur kynntu fjölbreyttar afurðir vinnunnar. Foreldrar komu í heimsókn og fylgdust með börnunum sínum. Margar góðar hugmyndir litu dagsins ljós, sumar urðu að veruleika og aðrar lifa áfram til að verða að einhverju öðru. Frétt um þingið og myndir má lesa nánar um á [heimasíðu skólans hér](#).

Þroskalistar leikskólastigs

Þroskalistar sérstaklega skoðaðir út frá framförum og stöðu barnsins frá síðustu skráningu. Staðan metin og skráð fyrir væntanleg foreldraviðtöl.

TRAS

TRAS (sjá skilgreiningu í september) lagt fyrir öll börn á leikskólastigi sem féllu innan aldursviðmiða í mánuðinum.

Stafa- og hljóðakönnun

Stafa- og hljóðakönnun lögð fyrir elstu nemendum leikskólastigs og farið yfir niðurstöður með foreldrum í viðtali.

Foreldraviðtöl leikskólastigs

Allir foreldrar boðaðir í viðtal sem hópstjóri tók. Viðtölin voru skrifuð með stuðningi af **þroskalistum** sem fylltir voru út yfir árið og almennt um stöðu barnsins.

Viðtölin komu afar vel út, foreldrar eru ánægðir með það starf sem kennarar eru að vinna og telja börnin sín á góðum stað þar sem leikur, nám og þroski er til fyrirmyndar sem og allur aðbúnaður barna innanhúss sem utan.

Starfsmannakönnun fræðsluviðs

Starfsmannhópurinn á 5. starfsári er traustur hópur af vel menntuðu og reynslumiklu fólki sem hefur mikinn metnað fyrir sinni vinnu. Það má nefna það að á báðum stigum leik- og grunn eru faglærðir kennarar í allri kennslu. Verkefnin eru fjölbreytt og það að vera með tvö skólastig undir gefur tækifæri til mikillar ígrundunar starfsfólks þvert á skólastig. Allir starfsmenn svöruðu könnun og afar jákvæðar niðurstöður komu í ljós. Ítarlegar niðurstöður eru á [heimasíðu](#).

- Q1 þar sem er spurt um líðan í vinnunni? **Allir svara jákvætt og eru sammála, einn er frekar sammála!**
- Q2 en þá er spurt um hvort starfsmaður sé stoltur af stofnuninni sinni? **Þessari spurningu svöruðu 10 sammála og 1 frekar sammála.**
- Q3 um jákvæðni í starfsmannahópnum? **Átta (8) eru sammála og þrír (3) frekar sammála.**
- Q4 Ég tel að álag í starfi mínu sé hæfilegt? **Nær allir svara jákvætt og eru sammála (8) eða frekar sammála (2) en einn (1) er frekar ósammála.**

- Q7 en þar er spurt um hvort starfsmaður hafi orðið fyrir einelti, kunferðislegri áreitni eða fordómum síðustu 12 mánuði? **Enginn starfsmaður hefur orðið fyrir slíku.**
- Q11 þá er spurt hvort starfsmanni þyki gott að leita til yfirmanns (skólastjóra)? **Allir svara sammála eða frekar sammála.**
- Q12 þá er spurt hvort stjórnendur sýni faglegu frumkvæði áhuga? **Allir nema einn eru sammála en þessi eini er frekar sammála.**
- **Allir starfsmenn hafa farið í starfsþróunarsamtal, öllum finnst upplýsingaflæðið gott.**

21. Helstu styrkleikar minnar stofnunar finnst mér vera

- Frábært starfsfólk.
- Metnaður.
- Starfsfólkið.
- Frábært námsumhverfi.
- Markvisst og metnaðarfullt starf.
- Haldið vel utan um nemendurna.
- Smæðin og sveigjanleikinn sem fylgir henni.

22. Helstu veikleikar minnar stofnunar finnst mér vera

- Smæðin, fáir nemendur.
- Ekki endilega ákjósanlegt að samkenna svona mörgum árgöngum.
- Þó mikið sé unnið með einstaka agamál mætti gjarnan nást meiri árangur.

Helsta endurmenntun sem starfsmenn nefndu er uppbyggingarstefnan, skyndihjálp, fjölbreyttar námsleiðir, stærðfræðivinna með börnum í námserfiðleikum.

Þegar á heildina er litið kemur könnunin mjög vel út og áfram hægt að byggja á jákvæðu starfi þessa góða hóps starfsmanna.

maí

TRAS

TRAS (sjá skilgreiningu í september) lagt fyrir öll börn á leikskólastigi sem féllu innan aldursviðmiða í mánuðinum.

Skil skólastiga

Formlegur skilafundur var haldin milli leik- og grunnskólastigs eins og tíðkast hefur, en nú með nýju formi. Leikskólakennari útfyllti eyðublað fyrir hvert barn og skilar því til grunnskólakennara. Grunnskólakennari líkur við að fylla þessi eyðublöð næsta skólaár. Þetta plagg er til upplýsingar um stöðu barnsins á leikskólaaldri og til lok 1. bekkjar. Staða barnsins ætti því að vera enn skýrari og kennari getur nýtt upplýsingarnar til að efla og styrkja starf skólans á skilum skólastigana.

Lesferill

Lesfimiþróf lagt fyrir 1.-4. bekk (orð á mínútu, góð **lesfimi** er samsett færni sem felst í því að lesa hratt, af nákvæmni og með eðlilegum áherslum og hrynjandi).

Orðarún

Orðarún lesskilningsþróf lagt fyrir nemendur í 3. og 4. bekk. Þrófin reyna á nemendur:

- að greina staðreyndir sem koma fram í texta, orðréttar eða umorðaðar
- að draga ályktanir af því sem ekki er sagt berum orðum í texta
- að átta sig á meginefni texta
- að útskýra orð og orðasambönd

Matsdagur grunnskólastigs, matsmöppur og vitnisburður

Nemendur unnu ýmsar kannanir, völdu verkefni í matsmöppuna sem fór heim í þriðja sinn í lok maí. Nemendur völdu svo verkefni úr matsmöppunni og færðu yfir í ferilmöppu sem er stór mappa sem fylgir þeim allan tímann í Árskógarskóla. Vitnisburður við lok vorannar var settur inn í Námfús samkvæmt nýju námsmatskerfi aðalnámskrár, hann prentaður út og afhentur á skólaslitum 2. júní. Vitnisburður er samandregið mat kennara og samantekt á vinnu nemenda í vetur. Fylgiskjal með vitnisburði fór með til útskýringar en það má skoða hér að neðan enda mikilvægt að glöggva sig á undirstöðum þess lokamats sem skólinn gefur út. Nemendur í 4.

bekk fengu einnig mat umsjónarkennara á lykilhæfni. Matsblað um lykilhæfni má einnig sjá að neðan:

Vitnisburður nemenda vorið 2017 – fylgiskjal

Á vitnisburðarblaði er að finna mat á starfi og frammistöðu nemandans yfir skólaárið.

Það mat byggist m.a. á:

- ✓ Hæfni nemanda, leikni og skilningi innan hvers námssviðs eða námsgreinar með tilliti til settra markmiða aðalnámskrár.
- ✓ Vinnusemi, hegðun og framkomu samkvæmt umsögn kennara.
- ✓ Gögnum sem safnað er yfir skólaárið og er m.a. að finna í matsmöppum nemenda s.s. próf, kannanir og símat vetrar.

Kvarði	Námssvið	Framvinda náms
A	Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs	Til fyrirmyndar Gerir sitt allra besta
B+	Brúar bilið milli A-B	
B	Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs	Góð framvinda Gerir vel
C+	Brúar bilið milli B-C	
C	Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs	Þarf að taka sig á Leggur sig þokkalega fram
D	Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs	Þarfnast verulegra úrbóta Leggur sig lítið fram

Víki námskrá nemanda frá skilgreindum hæfni- og matsviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla skal merkja vitnisburðinn með stjörnu (*) á vitnisburðarskírteini. Þannig fá nemendur A*, B*, C* eða D* í samræmi við hvernig þeir ná einstaklingsbundnum matsviðmiðum sínum.

Mat umsjónarkennara á lykilhæfni við lok 4. bekkjar

Lykilhæfni er regnhlíf um námsárangur en innan þeirra þátta eru öll markmið skólagöngunnar og því betri árangur sem nemendur ná í hverri grein því líklegri er að hver og einn geti sem best tileinkað sér þau hæfniviðmið sem lögð eru til grundvallar þeirri lykilhæfni sem er undirstaða alhliða þroska og menntunar nemenda. Lykilhæfni byggist á grunnþáttum menntunar (**læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun**) og tekur til hæfni nemenda innan hvers námssviðs jafnt í bóklegu, verk- og listnámi. Lykilhæfnin er sett fram í fimm liðum:

Lykilhæfni	Tjáning og miðlun	Skapandi og gagnrýnin hugsun	Sjálfstæði og samvinna	Nýting miðla og upplýsinga	Ábyrgð og mat á eigin námi
------------	-------------------	------------------------------	------------------------	----------------------------	----------------------------

Skilgreining	Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.	Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdarfærslu.	Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.	Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnn hátt.	Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.
Mat					

Skýringar á bókstöfum í lykilhæfni eru:

A = Gerir sitt allra besta.

B = Gerir vel.

C = Leggur sig þokkalega fram.

D = Leggur sig lítið fram.

Lokaorð

Eftir 5. starfsár er ljóst að mat á skólastarfinu hefur verið nokkuð fjölbreytt og náð til flestra þeirra þátta sem er að finna í [stefnuskjali](#) skólans. Það mat sem hefur verið framkvæmt hefur almennt gengið vel og niðurstöður hvað skólann varðar (umgjörð, upplýsingar, nám og kennsla, samskipti ofl.) eru mjög jákvæðar jafnframt sem margar góðar tillögur liggja fyrir. Við lok 5. starfsárs skólans er ljóst samkvæmt könnunum að skólinn stendur sig afar vel að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögum og námskrám. Á hverjum tíma eru tækifæri til að gera enn betur, við erum að móta læsisstefnu skólans samhliða mótun stefnu sveitarfélagsins en lestur og læsi er grunnurinn að öllu öðru námi og því mikilvægt að mat á þeim þætti sé skilvirkt og upplýsandi. Með nýju matstæki Menntamálastofnunar, [Lesferli](#), sem við erum að innleiða, verður m.a. námsmat skólans enn öflugra en *Lesferli* er ætlað að meta grunnþætti læsis s.s. lesfimi,

lesskilning, ritun, orðaforða og málskilning. Ætlunin er að *Lesferill* spanni frá 3 til 16 ára aldurs. Sem sagt, á hverjum tíma eru tækifæri til að gera betur og tileinka sér það sem er gott og virkar í okkar sjálfsmati en það hefur skólinn gert hingað til og stefnir ótrauður áfram næstu árin í virku sjálfsmati.

Þegar allt er tekið saman er óhætt að segja að mat á skólastarfi, innra mat, er virkt og gefur góðar upplýsingar, matsáætlun var fylgt þó einhverjir þættir hafi færst til milli mánaða, eitthvað var ekki notað en annað bættist við. Áætlunin er nú endurbætt fyrir 6. starfsár skólans. Niðurstöður mats á skólastarfinu gefa skólanum byr undir báða vængi og gefa til kynna að halda skuli áfram með það sem vel hefur gengið og gera enn betur en jafnframt eru tækifæri til að laga það sem síður gekk.

Allar upplýsingar sem fengust og settar eru fram í þessari skýrslu eru og verða nýttar til skólaþróunar og uppbyggingar lærdómssamfélags þar sem allir eiga sinn stað og hafa sitt að segja. Árskógarskóli býr yfir öflugum starfsfólki, sterkum foreldra- og velunnarahópi og auðvitað eru hér frábærir nemendur á ýmsum aldri sem njóta sín yfirleitt alltaf í leik og námi. Það eru mörg tækifæri framundan, nemendum fjölgar á ný og ástæða til að ætla að næstu árin verði áfram unnið faglegt og uppbyggilegt starf fyrir skólasamfélagið í heild.

Lítið hefur verið um veikindi starfsfólks og skólinn hefur haft þá fjármuni sem þarf til að halda uppi faglegu og uppbyggjandi skólastarfi. Það er okkar mat að skólinn sé athvarf nemenda, öruggur staður þar sem stuðlað er að góðri líðan allra, þar er áhugasamt starfsfólk og vel menntað og aðbúnaður þess og starfsumhverfi er hvetjandi og jákvætt. Skólinn vinnur eftir stefnu í agamálum um uppeldi til ábyrgðar og starfsfólk endurmenntar sig í þeim fræðum reglulega. Grænfáninn blaktir við hún og sífellt eru unnin verkefni tengd umhverfismálum og lýðheilsu enda stefnan sett á að flagga Grænfána fjórða sinni vorið 2018.

Samvinna við heimili hefur verið góð og það er alltaf okkar markmið að setja nemandann í forgang með góðu og skilvirku upplýsingaflæði til foreldra og gagnkvæmt og í foreldrakönnun má sjá að foreldra eru ánægðir með upplýsingar frá skólanum í heild sem og um náms- og þroskastöðu barns. Starfsfólk og foreldrar hafa haft greiðan aðgang að ráðgjöf og stuðningi í ýmsum málum s.s. agamálum, sálfræðiaðstoð, talmeinafræðivinnu, kennslufræðiráðgjöf, þroskaþjálf, iðjuþjálf, sérkennari og fleiri sérfræðingar hafa komið að vinnu með kennurum, nemendum og foreldrum í vetur.

Nokkur stór og umfangsmikil mál hafa verið í vinnslu í vetur hvað varðar nemendur s.s. agamál og eineltismál og ljóst að án sérfræðiþjónustu og nemendaverndar hefðu þau mál ekki gengið eins vel og raun ber vitni. Lykilatriði í vinnu starfsfólks eru góð samskipti og samvinna með áherslu á lausnir og samstöðu í gleði og sorg. Starfsfólk og skólinn sem heild hefur verið vel virkt í að sækja sér endurmenntun og er það afar mikilvægt svo skólinn geti áfram haldið uppi faglegu og góðu innra starfi.

Það er mat okkar í skólanum að skólaárið 2016-2017 hafi almennt gengið vel og skólinn hafi lagt sig fram við að finna leiðir fyrir hvern og einn í leik og námi í átt að markmiðum. Námsmat myndar samfellu frá leikskólastigi til loka grunnskólagöngu í skólanum og er upplýsandi og lýsir stöðu nemandans. Innra mat skólans hefur þróast undanfarin ár og heldur því áfram í takt við þróun skólans.

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson
skólastjóri Árskógarskóla